


Litla Prumpueyjan

Skáldsaga úr raunveruleikanum,
- lyginni líkust



Jón Gunnar Bergs

Tileinkað sonum mínum

Árna Davíð (1998),
Gunnari Magnúsi (1998) og
Tómasi Helga (2001)

með þökkum fyrir veittan innblástur við skrif þessarar sögu.

Famtíðin er ykkar!

Sögu þessa má afrita með hvaða hætti sem er án leyfis höfundar, svo sem með rafrænni afritun, ljósmyndun, prentun eða á annan sambærilegan hátt, enda sé sagan aðeins afrituð óbreytt og í heild og henni dreift endurgjaldslaust. Höfundur áskilur sér allan annan höfundarétt að sögunni, þ.m.t. en ekki takmarkað við; sæmdarrétt og allan afleiddan rétt, s.s. réttinum til aðlögunar yfir á önnur birtingarform.

Höfundur er þakklátur öllum þeim sem stuðla að útbreiðslu sögunnar með því að ljá hana öðrum á þeim miðlunarformum sem henta rituðu máli. Sagan er í rafrænu pdf-skjali sem óheimilt er að aflæsa, en móttakendur eru hvattir til að prenta út. Vilji móttakendur senda rafræna útgáfu til vina og vandamanna eða bjóða upp á niðurhal skjalsins frá vefsíðum sínum, fagnar höfundur því.

Mynd á forsíðu: Árni Davíð Bergs

Mynd á öftustu síðu: Tómas Helgi Bergs

© Jón Gunnar Bergs, 2009

6. maí 1976 [Herskipið] Falmouth siglir fram með Tý en beygir svo á miklum hraða beint á bakborðshlið varðskipsins. Árásin er svo óvænt og ósvífin að varðskipið getur ekki vikið sér undan; engin leið er að draga aðra ályktun en að ætlunin hafi beinlínis verið að sigla Tý niður og sökkva honum. Varðskipið snýst hálfhring á stefni freigátunnar og leggst næstum því á hliðina. Guðmundur Kjærnested skipherra ályktar að hallinn á skipinu hafi verið 70 gráður þegar mest var.

Ísland í aldanna rás 1976-2000, bls. 26.

Litla Prumpueyjan

1. Stórasta eyja í heimi.....	5
2. Dýri bærinn.....	7
3. Allt á haus	11
4. Draumaeyjan.....	13
5. Keyrt á prumpi	16
6. Litla fyrirmyndareyjan.....	19

1. Stórasta eyja í heimi

Einu sinni var lítil eyja, langt úti í hafi, langt frá öllum öðrum eyjum. Á henni bjuggu aðeins 300 manns í torfbæjum, en forfeður þeirra höfðu brotist þangað undan konungsvaldi og búið á eyjunni í meira en 1,000 ár.

Þótt eyjan hafi í gegnum aldirnar reynst harðbýl, var hún hreinasta perla. Hún var skógi vaxin milli fjalls og fjöru og í sjónum syntu milljónir fallegra fiska. Eyjan var hrein og björt, umlukin góðu lofti og með kristaltæru vatni sem féll í fallegum fossum langt fram af fjallaklettum. Eyjan var ekki mjög sólrík, en á móti kom að neðanjarðar ólgaði glóandi hraun, sem hitaði upp allt það vatn sem eyjarskeggjar höfðu mögulega not fyrir.

Eyjarskeggjar höfðu nær alla tíð verið undir oki ýmissa konunga, sem vildu eiga eyjuna. Þeir höfðu háð mikla baráttu fyrir sjálfstæði sínu og náð því að lokum, jafnvel þótt eyjarskeggjar hefðu aldrei átt her eða farið í stríð.

Það er reyndar ekki alveg rétt. Þeir höfðu nefnilega ítrekað háð margvíslega baráttu fyrir réttindum sínum. Til dæmis höfðu Sameinuðu Eyjarnar, eyjaklasi sem teygði anga sína um allan heim, sagt að þær ættu fiskinn í kringum eyjuna og reynt að stela honum. Sendu Sameinuðu Eyjarnar risastór herskip að eyjunni sem sigldu á fullri ferð á veiðiskip eyjarskeggja og litlu löggubátana sem þeir höfðu smíðað. Hugrakkir vörðu eyjarskeggjar rétt sinn, kynntu málstað sinn í útlöndum og höfðu sigur að lokum þegar Sameinuðu Eyjarnar gáfust upp og viðurkenndu að litla eyjan átti fiskinn sinn.

Litla eyjan var einangruð og þótt það hefði vissa galla, þá hafði það einnig sína kosti. Til dæmis var mjög auðvelt fyrir lögguna að fylgjast með umferð til eyjunnar og lítið var framið af glæpum. Löggann gekk um óvopnuð. Hún þekkti smábófana og ef afbrot var framið, þá vissi löggan eiginlega alltaf hver var sökudólgurinn, hringdi í hann og bað hann að skreppa niður á löggustöð svo hægt væri að leysa málið. Þetta var auðvitað einn af mörgum kostum við litlu eyjuna sem útlendingar horfðu til með öfundaraugum. Af öðrum kostum hennar má nefna, að eyjan var svo lítil að margir íbúar gátu farið heim til sín að borða í hádeginu, ef þeir vildu. Þetta fannst útlendingum sem til eyjunnar komu vera mikil lífsgæði.

Á eyjunni þekktu allir alla og samheldni fólks var mikil. Þar bjó heldur ekkert venjulegt fólk, því eyjarskeggjar voru eiginlega bestir í öllu í heimi og það þótt ekki væri tekið tillit til fámennisins! Þannig var heimsins besti rithöfundur frá eyjunni, besta söngkonan, besti handboltamaðurinn, sterkasti maðurinn, fallegasta konan og svo mætti lengi telja. Eyjarskeggjar voru því stoltir af eyjunni sinni og fólkinu sínu og á tyllidögum í útlöndum talaði forsetinn um að „Prumpueyjan væri stórasta eyja í heimi.“

Já, Prumpueyjan? Hún var sko kölluð Prumpueyjan vegna þess að fólkið á eyjunni prumpaði alveg óskaplega mikið. Var alltaf að prumpa. Prump, prump.

Prump.

2. Dýri bærinn

Þegar sagan hefst, voru Prumplendingar meðal hamingjusömustu þjóða heims. Allt gekk þeim í haginn og almenn sátt var um að á eyjunni ríkti bærilegt jafnræði milli íbúanna, meira en víðast hvar í heiminum. En eyjarskeggjar vildu meira og ákváðu að stofna Eyjarráð til að gera eyjuna enn betri. Eyjarskeggjar kusu sér kóng að nafni Guðbjörn og valdi hann nokkra eyjarskeggja sér til aðstoðar í Eyjarráðinu. Það voru þau Hrútur, Þorskur, Verkir, Olíva og Varmi. Til þess að styrkja tengsl Eyjarráðsins við fortíð og framtíð eyjunnar, ákvað ráðið að bjóða tveimur áheyrnarfulltrúum að sitja fundi þess. Þetta voru hinn eldgamli Gáttaþefur jólasveinn og Fjölur litli sem var nýorðinn 10 ára. Forsetinn varð hundfúll með að Guðbjörn var kosinn kóngur og flaug út í heim. Hann hélt sig þar að mestu leyti það sem eftir lifir sögunnar og segir ekki meira af honum.

Á fyrsta fundi Eyjarráðsins sagði Guðbjörn Kóngur: „Mér finnst að við ættum að búa í betri húsum, hætta þessu torfbæjarrugli og byggja almennileg steinhús fyrir alla Prumplendinga. Hver getur sagt mér hvernig við borgum fyrir það?”

Öllum leist vel á hugmynd Guðbjörns Kóns, en fátt varð um svör, fyrr en Hrútur sagði: „Ef ég má beita kindunum mínum á grasið á eyjunni, þá skal ég bara lána Eyjarráðinu pening fyrir nýju húsunum.”

Gáttaþefur var efins: „Ertu viss um að til sé nógu mikið af grasi fyrir allar rollurnar þínar?”

„Nei, það er reyndar ekki víst” svaraði Hrútur, „þær verða þá að fá að éta tréin líka, þau eru hvort sem er svo lítil á eyjunni.”

„Húrra” hrópuðu öll í Eyjarráðinu nema Fjölur og Gáttaþefur, sem spurði: „En ef rollurnar éta öll tréin okkar, hvernig eigum við þá að lifa til þess að geta borgað til baka?”

„Æ, þú ert nú meiri jólasveinninn” sögðu hin, „þetta reddast.”

Og daginn eftir hófust eyjarskeggjar allir handa og byggðu sér falleg steinhús á undraskömmum tíma. Tréin hurfu að vísu næstum því, en Hrútur sagði að hann gæti bara átt skuldina hjá Eyjarráðinu.

Á öðrum fundi Eyjarráðsins sagði Guðbjörn Kóngur: „Mér finnst að við ættum að byggja upp stofnanir samfélagsins, til dæmis banka, sjúkrahús og skóla fyrir alla Prumplendinga. Nú þegar tréin eru nær horfin, hver getur þá sagt mér hvernig við borgum fyrir það?”

Öllum leist vel á hugmynd Guðbjörns Kóns, en fátt varð um svör, fyrr en Þorskur sagði: „Ef ég má veiða fiskinn í kringum eyjuna, þá skal ég bara lána Eyjarráðinu pening fyrir nýju stofnununum.”

Gáttaþefur var efins: „Ertu viss um að þú getir veitt nógu mikið af fiski til þess að hægt sé að borga fyrir allar stofnanirnar?”

„Nei, það er reyndar ekki víst” svaraði Þorskur, „ég verð þá að fá að selja allan fiskinn í sjónum, líka þó hann sé óveiddur. Ég verka hann hvort sem er ekki áður en ég sel hann, það tefur mig bara.”

„Húrra!” hrópuðu öll í Eyjarráðinu nema Fjölur og Gáttaþefur, sem spurði: „En ef fiskurinn hverfur í sjónum okkar, hvernig eigum við þá að lifa til þess að geta borgað til baka?”

„Æ, þú ert nú meiri jólasveinninn” sögðu hin, „þetta reddast.”

Og daginn eftir hófust eyjarskeggjar allir handa og byggðu banka, skóla og sjúkrahús á eyjunni á undraskömmum tíma. Fiskurinn í sjónum hvarf að vísu næstum því, en Þorskur sagði að hann gæti bara átt skuldina hjá Eyjarráðinu.

Á þriðja fundi Eyjarráðsins sagði Guðbjörn Kóngur: „Mér finnst að við ættum að byggja upp betri samgöngur fyrir alla Prumplendinga, brýr yfir firði og göng í gegnum fjöll. Nú þegar tréin og fiskurinn eru nær horfin, hver getur þá sagt mér hvernig við borgum fyrir það?”

Öllum leist vel á hugmynd Guðbjörns Kóngrs, en fátt varð um svör, fyrr en Verkir sagði: „Ef ég má nota fallorku fossana, þá skal ég bara lána Eyjarráðinu pening fyrir samgöngubótunum.”

Gáttaþefur var efins: „Ertu viss um að til sé nógu mikið af stöðuvötnum til þess að þú fái samfellda fallorku?”

„Nei, það er reyndar ekki víst” svaraði Verkir, „ég verð þá að fá að gera nýja fossa og ný stöðuvötn með því að stífla dali, það eru hvort sem er engin tré í þeim lengur.”

„Húrra!” hrópuðu öll í Eyjarráðinu nema Fjölur og Gáttaþefur, sem spurði: „En ef þú notar alla fallorku fossanna okkar, hvernig eigum við þá að lifa til að geta borgað til baka?”

„Æ, þú ert nú meiri jólasveinninn” sögðu hin, „þetta reddast.”

Og daginn eftir hófust eyjarskeggjar allir handa og reistu brýr og boruðu göng um alla eyjuna á undraskömmum tíma. Fallorka fossanna var að vísu næstum því fullnýtt, en Verkir sagði að hann gæti bara átt skuldina hjá Eyjarráðinu.

Þegar allar þessar framkvæmdir voru í höfn, hafði lífið enn batnað á Prumpueyjunni. Nánast öllum Prumplendingum leið ósköp vel. Það var eiginlega aðeins eitt sem angraði Guðbjörn Kóng, en það var að enn skuldaði Eyjarráðið þeim Hrúti, Þorski og Verki fyrir að hafa lánað peninga til framkvæmdanna.

Hann boðaði því til fjórða fundar í Eyjarráðinu og sagði: „Mér finnst að við ættum að borga peningana sem við skuldum þeim Hrúti, Þorski og Verki. Nú þegar tréin og fiskurinn eru nær horfin og fallorka fossanna er nær fullnýtt, hver getur þá sagt mér hvernig við borgum þeim til baka?”

Öllum leist vel á hugmynd Guðbjörns Kóngrs, en fátt varð um svör, fyrr en Olíva og Varmi sögðu: „Ja, eigum við ekki bara að selja Prumpubankann okkar? Við vitum að bræðurnir Grísper, Bjórsper og Bakkatan vilja eiga hann. Við höfum aldrei grætt neitt á honum og hann er einskis virði.”

Gáttaþefur var efins: „Grísper, Bjórsper og Bakkatan? Hafa þeir nokkurn tíma rekið banka?”

„Nei, reyndar ekki” svöruðu Olíva og Varmi, „en þeir redda sér. Prumplendingar eru bestir í öllu, þótt gömlu bankamennirnir okkar séu bara kjánar.”

„Húrra!” hrópuðu öll í Eyjarráðinu nema Fjölur og Gáttaþefur, sem spurði: „En ef þeir setja Prumpubankann á hausinn, hvernig förum við þá að hér bankalaus á Prumpueyjunni?”

„Æ, þú ert nú meiri jólasveinninn” sögðu hin, „þetta reddast.” Þau sögðu Gáttaþef að hann væri alltaf nöldrandi og þau nemtu ekki að hlusta á slíkt. Hann hefði ekkert að gera í Eyjarráðinu lengur og best væri að hann drifi sig til fjalla og kæmi ekki aftur fyrr en um jólin.

Grísper, Bjórsper og Bakkatan keyptu Prumpubankann, Gáttaþefur fór til fjalla og lífið á eyjunni tók stakkaskiptum. Eyjarráðið hafði haft rétt fyrir sér í öllu; allt hafði reddast og Grísper, Bjórsper og Bakkatan kunnu sannarlega að redda sér! Þeir létu bankann kaupa fyrir sig öll önnur fyrirtæki á eyjunni og ráku fljótt verslanir, tryggingarfélag, flutningafyrirtæki, fjölmiðla og allt mögulegt annað.

Prumpubankinn lánaði líka öllum Prumplendingum peninga til að kaupa vörur í öðrum fyrirtækjum bræðranna og eyjarskeggjar höfðu aldrei haft það betra. Grísper, Bjórsper og Bakkatan nutu mikillar virðingar og böðuðu sig í sviðsljósinu. Þeir keyptu gamlan sveitabæ á miðri eyjunni, rétt við tjörnina. Bærinn var dýr og stóð þó til að leggja sérstaka viðhafnarakrein fyrir bræðurna og tigna gesti þeirra.

Bræðurnir voru ákaflega sniðugir. Þeir keyptu sér póstkassa á fjarlægri eyju, þangað var póstur þeirra sendur og því þurftu þeir ekki að borga skatta á Prumpueyjunni. Þess vegna áttu þeir nóga peninga og styrktu ýmis góðgerðarsamtök, jafnvel um hundrað krónur eða meira. Þeir héldu líka dýrindis veislur og opnuðu sýningar, sem lesa mátti um í fréttabréfinu „Ýkt og yfirdrifið” sem þeir gáfu út vikulega og greindi frá lífi þeirra í smáatriðum; konunum, kerrunum og kampavíninu!

Stundum þurftu bræðurnir að tæma póstkassann sinn. Þá flugu þeir frá flugvöllinum rétt við dýra bæinn sinn til fjarlægu eyjunnar á einkapotunni sinni yfir tjörnina, skólann, sjúkrahúsið og fundarhús Eyjarráðsins. Hvorki heyrðist andarkvak né mannsins mál á meðan þotuþrumurnar drundu, en það skipti engu máli, því þótt jafnræði ríkti enn á Prumpueyjunni, þá voru þeir bræður jafnari en aðrir.

Á eyjunni stóð allt í blóma, Eyjarráðið skuldaði engum neitt og Guðbjörn kóngur ákvað að draga sig í hlé. Hann hafði verið býsna atkvæðamikill við stjórnun eyjunnar og þótti ráðlegt að fá tvo menn í hans stað. Úr varð að þeir Svartur og Bjartur fylltu skarð hans og urðu þeir að vera sammála um allar ákvarðanir Eyjarráðsins til þess að þær öðluðust gildi. Svartur hafði verið gagnrýninn á Guðbjörn Kóng á valdatíma hans og meðal annars kallað hann „gungu og druslu” á árum áður.

Minna var vitað um skoðanir Bjarts. Hann hefði getað komið úr hvaða flokki sem er, frá hvaða hluta eyjunnar sem var. Hann hefði líka getað heitið Björt.

3. Allt á haus

Þegar Prumplendingar höfðu í nokkurn tíma notið lífsins sem aldrei fyrr fór að bera á undarlegum fréttum frá útlöndum. Eftir að Grísper, Bjórsper og Bakkatan höfðu keypt öll fyrirtæki á Prumpueyjunni, höfðu þeir látið Prumpubankann kaupa fyrir sig fjölmörg fyrirtæki úti í heimi. Þetta fór í taugarnar á útlendingum, sem voru greinilega mjög pirraðir yfir því að vera ekki jafn klárir og bræðurnir. Útlenskir fjölmiðlar sem þeir höfðu ekki keypt, birtu fréttir um að bræðurnir væru í raun ekkert klárari en aðrir, bara góðir platarar. Þetta var hins vegar strax leiðrétt af fjölmiðlum þeirra á Prumpueyjunni og eyjarskeggjum leið betur.

Fréttirnar reyndust lífsseigar og smám saman virtist sem síga tæki á ógæfuhliðina hjá Grísper, Bjórsper og Bakkatan. Þeir báru sig þó alltaf stórmannlega, líka einn daginn þegar þeir mættu á fund Eyjarráðsins og sögðu að Prumpubankinn væri farinn á hausinn.

„Ha ...???” sögðu Svartur, Bjartur og allt Eyjarráðið „... á hausinn???”

„Já” svöruðu bræðurnir, „og það er allt ykkur að kenna. Þið áttuð að passa okkur. Þið vissuð að við kunnum ekkert að reka banka.”

Eyjarráðið varð agndofa. Á hausinn! Hvernig gat það gerst? Hjá Grísper, Bjórsper og Bakkatan sem voru bestu bankamenn í heimi? Þetta var óskiljanlegt!

Síðar komu ískaldar staðreyndir í ljós. Önnur fyrirtæki bræðranna, bæði á Prumpueyjunni og úti í heimi, fóru unnvörpum á hausinn, þegar í ljós kom að þau gátu ekki borgað þau miklu lán sem bræðurnir höfðu tekið til þess að kaupa þau. Bræðurnir höfðu líka gert Prumplendinga svo háða því að kaupa margt af fyrirtækjum sínum, að Eyjarráðið varð að halda lífinu í þeim mörgum. Það kostaði mikla peninga og einnig þurfti Eyjarráðið að stofna nýjan banka í stað gamla Prumpubankans.

Nú var ekki hægt að fá lán hjá Hrúti, Þorski eða Verki. Prumplendingar höfðu hins vegar verið fyrirhyggjusamir í gegnum árin og sparað til þess að eiga smávegis varasjóð í ellinni. Með því að fá sparnaðinn lánaðan hjá öllum Prumplendingum og taka af þeim loforð um að borga hærri skatta í framtíðinni, tókst Eyjarráðinu að rétta við mikilvægustu fyrirtæki eyjunnar.

Það reyndist hins vegar kostnaðarsamt og þegar upp var staðið skuldaði Eyjarráðið, sem áður hafði ekki skuldað neitt, um tvö þúsund milljónir króna! Tvö þúsund milljónir! Það var alveg svakalega mikið, fyrir eyju þar sem ekki bjuggu nema 300 manns að meðtöldum krökkum og vinnulúnum gamalmönnum.

Áfram komu slæmar fréttir frá útlöndum. Í ljós kom að Prumpubankinn hafði fengið lánaða fullt af peningum frá útlendingum, sérstaklega frá Sameinuðu

Eyjunum, til þess að kaupa fyrirtæki fyrir Grísper, Bjórsper og Bakkatan úti í heimi. Nú, þegar Prumpubankinn var farinn á hausinn og gat ekki borgað til baka, heimtuðu útlendingarnir að Eyjarráðið borgaði þessa peninga í staðinn.

Svartur, sem hafði vaxið til forystu í Eyjarráðinu, fór og ræddi við útlendingana: „Af hverju í ósköpunum krefjist þið þess að Eyjarráðið, það er Prumplendingar allir, borgi skuldir Prumpubankans? Þið lánuðuð ekki Eyjarráðinu eða Prumpueyjunni peningana ykkar, heldur lánuðuð þið Prumpubanka Gríspers, Bjórspers og Bakkatans.”

„Það er alveg sama” svöruðu útlendingarnir, „þetta er ykkur að kenna. Þið áttuð að passa að við lánuðum Prumpubankanum ekki peninga.”

„Ha ...???” sagði Svartur „Við???”

„Já, þið áttuð að passa okkur útlendingana og þið áttuð að passa bræðurna” svöruðu útlendingarnir frá Sameinuðu Eyjunum. „Borgið okkur, eða þið skuluð hafa verra af.”

Svartur kom til baka á Prumpueyjuna, þungur á brún. Hann kallaði til neyðarfundar hjá Eyjarráðinu og sagðist hafa samþykkt að borga útlendingunum.

„Ha ...???” sögðu Eyjarráðsmenn, „samþykktir þú að borga til baka peninga sem við höfum aldrei fengið? Af hverju?”

„Ja, þeir sögðust mundu meiða mig. Og svo var ég orðinn leiður á því að hafa þetta hangandi yfir mér” svaraði Svartur.

„Ha ...???” Nenntirðu þessu ekki lengur? Hvað eru þetta miklir peningar?” spurðu Eyjarráðsmenn.

„Ég veit það ekki” svaraði Svartur, „kannski eins og eitt þúsund milljónir, það kemur í ljós seinna. En við þurfum ekki að byrja að borga þetta fyrr en eftir sjö ár. Og tími er peningar. Það sannast best á því að við eigum að borga þeim vexti og vaxtaálag allan þann tíma. Hugið ykkur hvað allur þessi tími er verðmætur. Þetta reddast.”

Eyjarráðinu féllust hendur. Eitt þúsund milljónir! Og það til viðbótar þeim tvö þúsund milljónum sem Prumplendingar skulduðu nú þegar! Þetta var óyfirstíganlegt. Þetta varð langur og strangur fundur hjá Eyjarráðinu og Fjölni fannst hann alveg ruglaður á stundum. Hann saknaði Gáttaþefs, sem örugglega hefði komið með góðar athugasemdir. Bjartur virtist dofinn, aðeins sem skugginn af Svarti og jánkadi öllu sem hann sagði.

Fjölni sortnaði fyrir augum í þann mund er hann heyrði Bjart og Eyjarráðið fallast á kröfur útlendinganna. Hann hreyfði munninn en ekkert heyrðist. Það skipti kannski engu máli, því hann var bara 10 ára áheyrnarfulltrúi og hafði ekki atkvæðisrétt í Eyjarráðinu.

4. Draumaeyjan

Þegar Eyjarráðið hafði samþykkt að borga útlendingum skuldir Gríspers, Bjórspers og Bakkatans, hófst uppbygging Prumpueyjunnar á nýjan leik. Það var mikið verk og vandamálin reyndust mörg. Til dæmis átti Eyjarráðið erfitt með að reka gömlu fyrirtæki bræðranna á sama tíma og það þurfti að stjórna fjármálum eyjunnar. Því var gripið til þess ráðs að selja fyrirtækin til eyjarskeggja líkt og gert hafði verið með Prumpubankann forðum.

Almennt áttu eyjarskeggjar hins vegar ekki mikla peninga því þeir höfðu lánað Eyjarráðinu þá. Þó höfðu nokkrir einstaklingar, sem eiginlega enginn þekkti, næga peninga til þess að kaupa fyrirtækin af Eyjarráðinu á lágu verði. Enginn vissi hvernig þeir höfðu eignast peningana og þessir menn áttu lítið sameiginlegt, nema kannski það að fara stundum í frí til eyjunnar þar sem Grísper, Bjórspær og Bakkatan áttu póstkassann sinn.

Eyjarráðið setti nýjar reglur um það hverjir mættu eiga banka og hvernig ætti að reka hann. Fyrir vikið var bankastarfssemi ekki lengur spennandi í augum þeirra Gríspers, Bjórspers og Bakkatans. Hins vegar virtist hafa tekist kunningsskapur með bræðrunum og nýju eigendum gömlu fyrirtækjanna þeirra. Bræðurnir keyptu nefnilega smám saman af þeim gömlu fyrirtækin sín, en þótt fyrirtækin væru mörg með þeim stærstu á eyjunni, þá virtust seljendurnir ekki græða mikið á þessu og hurfu fljótt af sjónarsviðinu.

Prumplendingar tóku þessari þróun fálega en sögðu ekki mikið, enda flestir komnir aftur í vinnu hjá Grísper, Bjórspær og Bakkatan. Fólk varð jú að fá laun til þess að geta borgað fyrirtækjum þeirra fyrir matinn sinn, fötin sín, símann sinn, tryggingarnar sínar, fjölmiðlana sína og fleira. Bræðurnir höfðu líka lært sína lexíu og þrátt fyrir að þeir væru jafnari en aðrir þá hættu þeir nær alveg að trufla Prumplendinga með því að fljúga á einkapotum sínum á daginn. Nú flugu þeir nánast eingöngu á nóttunni og eyjarskeggjar sofnuðu fljótt aftur.

Á nokkrum árum tók lífið á eyjunni á sig fyrri mynd. Prumplendingar voru þokkalega sáttir við sitt, þótt vissulega hefðu lífsgæði þeirra minnkað, því launin höfðu lækkað en vörurnar hjá bræðrunum hækkað og skattarnir líka.

Fjölur var orðinn 16 ára og var að sækja um námsvist í framhaldsskóla þegar hann heyrði frétt í útvarpinu: „Á næsta ári munu Prumplendingar borga fyrstu greiðslu af níu af láni útlendinganna til Gríspers, Bjórspers og Bakkatans. Fyrsta greiðslan er 100 milljónir króna, en því miður á Prumpueyjan ekki til peninga fyrir henni.”

Alveg rétt! Útlendingalánið! Öll þessi ár hafði Fjölur verið áheyrnarfulltrúi í Eyjarráðinu, en aldrei hafði verið minnst á útlendingalánið! Hann hafði hreinlega verið búinn að gleyma því, - og sennilega Svartur, Bjartur og öll hin líka!

Það stóð heima. Daginn eftir boðaði Svartur til neyðarfundar í Eyjarráðinu vegna útlendingalánsins. Hann sagði: „Nú þarf að borga peningana sem við lofuðum útlendingunum. Nú þegar tréin og fiskurinn eru nær horfin, fallorka fossanna er nær fullnýtt og Grísper, Bjórsper og Bakkatan eiga öll fyrirtækin á eyjunni, hver getur þá sagt mér hvernig við borgum útlendingunum?”

Engum leist vel á spurningu Svarts og fátt varð um svör, fyrr en Olíva sagði „Ja, eigum við ekki bara að láta útlendingana hafa olíuna á Draugasvæðinu í staðinn?”

Bjartur var efins: „Ertu viss um að þar sé næg olía til þess að borga alla þessa skuld?”

„Nei, reyndar ekki” svaraði Olíva og Varmi bætti við „en þá er best að leyfa þeim líka að framleiða orku úr jarðvarmanum undir eyjunni. Þetta tvennt hlýtur að duga.”

„Húrra!” hrópuðu öll í Eyjarráðinu nema Fjölur og Bjartur, sem sagði: „En ef við samþykkjum þessa tillögu, þá höfum við eytt nær öllum trjánum, nær öllum fiskinum, notað alla fossana og ráðstafað allri olíunni og öllum jarðvarmanum undir eyjunni. Hvað er þá eftir fyrir okkur til þess að lifa á?”

„Nú hvað ..., - ertu kannski með betri hugmynd?” sögðu hin, „Við eigum enn eftir gott loft og hreint vatn. Þetta reddast.”

= = =

„Fjölur!” heyrðist í fjarska, - kannski að handan? „Fjölur!?” Fjölur fannst hann vera fullorðinn maður að drukkna í skítugri sundlaug. Þegar honum skaut upp greip hann andann á lofti, en vitin fylltust af þykku, menguðu lofti sem hann ætlaði aldrei að geta kyngt áður en hann fór aftur á bólakaf. Hann hrópaði eftir hjálp en var einn í lauginni, sem rétt áður hafði verið full af fjörugu fólki. Allir voru farnir.

„Fjölur?” heyrðist aftur. Hann hrökk upp við rödd Svarts: „Fjölur, hefur þú sem fulltrúi framtíðarinnar hér á Prumpueyju eitthvað um kröfur Sameinuðu Eyjanna að segja, svona áður en við samþykkjum þær?”

„Hjálp ..., HJÁLP!” hrópaði Fjölur um leið og hann opnaði augun.

„Ha ..., þurfum við hjálp?” spurði Svartur.

„Já, sannarlega” svaraði Fjölur og áttaði sig loks á að hann hafði sofnað, „en ekki þá hjálp sem þú heldur. Mig var bara að dreyma. Fyrirgefið mér, þetta er svo langur fundur að ég datt út og fékk hræðilega martröð. Þið getið ekki ímyndað ykkur hvað ég er feginn að vera ekki orðinn 16 ára, hvað þá fullorðinn! Er ég ekki örugglega enn bara 10 ára?”

Hann ræskti sig og hélt áfram: „Hmmm, já, ég hef margt um kröfur útlendinganna að segja. Við krakkarnir erfum jú Prumpueyjuna með öllum þeim réttindum og kvöðum sem henni fylgja. Að sjálfsögðu ættuð þið að fá samþykki

okkar fyrir þessum skuldbindingum. Ég þarf að ræða við krakkanna á Prumpueyjunni og krefst þess að fundi verði frestað.”

„Allt í lagi, það er ekki ósanngjart” sagði Svartur, „en það er gríðarlega mikilvægt að við föllumst strax á kröfur útlendinganna. Annars gerist ekkert í endurreisnarstarfi okkar.”

5. Keyrt á prumpi

Fjölnir mátti engan tíma missa. Hann kallaði saman alla krakkana á Prumpueyjunni og úskýrði fyrir þeim hvernig komið væri: „Eyjarráðið er búið að eyða nær öllum trjánum á eyjunni, fiskinum í sjónum og nota alla fossana til frambúðar. Af náttúruauðlindum okkar eigum við aðeins eftir olíuna sem kannski finnst við Draugasvæðið og jarðvarmann undir eyjunni. Við getum jú nefnt góða loftið og hreina vatnið, en vitum líka að ef við höfum það ekki, þá deyjum við.”

Hann hélt áfram: „Nú vill Svartur að fallist verði á kröfu Sameinuðu Eyjanna og Prumplendingar greiði lánin sem Grísper, Bjórsper og Bakkatan fengu hjá þeim, jafnvel þó þessir peningar hafi aldrei komið til Prumpueyjunnar. Svartur segir að þetta reddist af því að ekki þurfi að byrja að borga lánið fyrr en eftir sjö ár og það verði gert á mörgum, mörgum árum. Og hverjir munu þá raunverulega borga lánin og taka afleiðingum þeirra? Það verðum við krakkarnir. Að auki þurfum við að reka Prumpueyjuna og meðal annars borga eftirlaun til Guðbjörns Kónigs, Svarts, Bjarts og alls Eyjarráðsins, þannig að útilokað er að við höfum efni á þessu öllu saman. Eina leiðin verður að láta útlendingana hafa olíuna sem kannski finnst og jarðvarmann undir eyjunni okkar. Þá eigum við ekkert eftir og verðum fátæk til framtíðar. Afríka norðurins! Við verðum að stöðva þetta!”

Krakkarnir voru öll á einu máli. Það væri svívirðilegt ef Eyjarráðið ætlaði að klína þessum skuldum á þau til greiðslu í framtíðinni. Þá myndu þau bara flytja til annarrar eyju þegar þau yrðu fullorðin og láta gamla fólkið sitja eftir, skuldum vafið á Prumpueyjunni. Auðvitað yrði það leiðinlegt, en krakkarnir ættu lífið framundan og gætu ekki goldið fyrir syndir bræðranna. Útlendingarnir gætu þá bara tekið Prumpueyjuna upp í skuldina og ekki fengju Guðbjörn, Svartur eða Bjartur eftirlaun frá þeim. Enda ættu þeir þau tæplega skilið.

„En hvað gerum við nú?” spurði einn úr hópnum, „hvað leggur þú til, Fjölnir?”

Fjölnir svaraði: „Eyjarráðið getur ekki skuldbundið Prumpueyjuna nema að Svartur og Bjartur séu sammála. Við verðum því að sannfæra Bjart um að standa í lappirnir og samþykkja ekki allt sem Svartur segir. Besta leiðin til þess er að fá Gáttaþef í lið með okkur. Hann er mörg hundruð ára gamall og skilur í hverju raunveruleg verðmæti eru fólgin.”

Þessu næst fóru krakkarnir öll upp að hæsta fjallinu á eyjunni og hrópuðu í kór: „Gáttaþefur! Gáttaþefur! Komdu til okkar Þú verður að gefa okkur góð ráð, bestu gjöf sem við getum nokkurn tímann fengið frá þér.”

Eftir skamma stund birtist Gáttaþefur og söng: „Krakkar mínir komið þið sæl, ég er jólasveinninn ...”

„Æ, slepptu þessu elsku Gáttaþefur” sagði Fjölnir, „hér er grafalvarlegt mál á ferðinni.” Svo sagði hann Gáttaþef frá hvað gerst hafði síðan Eyjarráðið rak hann aftur til fjalla og hvernig komið væri fyrir Prumpueyjunni: „Þú verður að hjálpa okkur að sannfæra Bjart um að standa í lappirnar og samþykkja ekki tillögu Svarts.”

„Já, það skal ég gera” svaraði Gáttaþefur, „ég get ekki hugsað mér að búa í fjöllum sem útlendingar eiga. Ég er alíslenskur. Föllum og hittum Svart, Bjart og Eyjarráðið.”

Þegar á fund Eyjarráðsins kom féllst það á, vegna mikilvægi málsins, að Gáttaþefur og allir krakkarnir fengju að vera áheyrnarfulltrúar á fundinum þar sem samþykkja átti kröfur útlendinganna. Svartur setti fundinn og fór í löngu máli yfir hvað eyjan væri í ömurlegri stöðu. Hins vegar væri engin önnur lausn möguleg en að samþykkja að borga skuldir bræðranna: „Við verðum að gera það. Annars stöðvast allt hér á eyjunni. En ég vil taka það skýrt fram að þetta er ekki mér að kenna, heldur Guðbirni Kóngi.”

Gáttaþefur var efins: „Stöðvast allt? Ertu viss um það? Er ekki Prumpubankinn löngu farinn á hausinn? Af hverju finnum við ekki út hvað fór úrskeiðis og skýrum betur út fyrir útlendingunum að við fengum aldrei þessa peninga. Hver veit, kannski kemur í ljós að þeir hefðu átt að passa sig sjálfir og ættu því að bera ábyrgðina sjálfir. Þá væri nú ekki gott að vera búin að samþykkja kröfur þeirra.”

Meðlimir Eyjarráðsins dæstu. Alltaf var Gáttaþefur svo erfiður og efins.

En nú óx Gáttaþef ásmegin: „Af hverju liggur svona mikið á? Væri ekki nær að við beindum sjónum okkar inn á við og kröftum okkar í að endurreisa gömul og góð gildi á Prumpueyjunni?”

„Nei, það er útilokað” svaraði Svartur, „og fyrir því get ég örugglega fundið margar ástæður. Til dæmis höfum við ekki fundið neina olíu á Draugasvæðinu enn. Ef við lofum ekki að krakkarnir borgi útlendingunum í framtíðinni, þá gætu útlendingarnir neitað að selja okkur fullorðna fólkinu olíu á bílana okkar og skipin.”

„Og hvað með það?” spurði Gáttaþefur, „Ef svo færi, af hverju látum við þá ekki reyna á hvort aðrar litlar eyjar sem eiga olíu vilja skipta við okkur á óveidda fiskinum hans Þorsks eða fallorkunni hans Verkis. Mér skilst að margir útlendingar hafi núorðið samúð og skilning með málstað okkar. Jafnvel virtir fjölmiðlar, sem bræðurnir eiga ekki, í Sameinuðu Eyjunum skrifa forystugreinar um að verið sé að kjölðraga Prumpueyjuna í krafti stærðarmismunar.”

„En hvað ef þetta bregst” spurði Svartur, „hvað gerum við þá?”

„Nú, þá verðum við kannski að bíta í skjaldarrendurnar” svaraði Gáttaþefur, „útlendingarnir frá Sameinuðu Eyjunum sigldu risaherskipunum sínum á bátana okkar í gamla daga en samt höfðum við sigur. Nú ætla þeir að keyra okkur í kaf í krafti aflsmunar. Aðferðirnar eru þær sömu, en vopnin nýtskulegri. Við eigum að berjast eins og Prumplendingar hafa alltaf gert, en ekki bugast.”

Gáttaþefur hélt áfram: „Við verðum að nýta kraftinn sem innra með okkur býr. Hér eru til dæmis allir prumpanði út og suður, án þess að metangasið nýtist

neitt. Af hverju breytum við ekki skipa- og bílvélunum okkar í metangasvélar, söfnum gasinu saman og notum prumpið til þess að knýja þær áfram? Hér er allt svo auðvelt af því að hér búa aðeins 300 manns. Við getum tekið okkur saman eins og ein stór fjölskylda og orðið fyrirmyndareyja í öllum heiminum. Útlendingar dauðöfunda okkur af okkar einstaka samfélagi!”

„Nei, nú hef ég fengið nóg af þessu jólasveinatali” sagði Svartur, „við lofum að þetta verður borgað og ég slít fundinum.”

Þá risu allir krakkarnir úr sætum sínum og sögðu einum rómi: „Við mótmælum öll!”

„Og ég líka” bætti Bjartur við, „framtíðin er þeirra.”

„Húrra, húrra” hrópuðu krakkarnir og ljómuðu af gleði, „Bjartur samþykkir ekki tillögu Svarts. Eyjan er okkar um alla framtíð!”

6. Litla fyrirmyndareyjan

Í þetta skipti kom í hlut Bjarts að fara til Sameinuðu Eyjanna og tilkynna útlendingunum að Eyjarráðið myndi ekki samþykkja að borga peningana sem Prumpueyjan hefði aldrei fengið. Eyjarráðinu þætti leitt hvernig Grísper, Bjórspær og Bakkatan hefðu hagað sér og vildi hjálpa útlendingunum að ná sem allra mestu af peningunum til baka. Eitthvað af þeim gæti reyndar verið geymt í póstkössunum, á fjarlægju eyjunni sem tilheyrði Sameinuðu Eyjunum.

Útlendingarnir urðu voða reiðir. Svona svipað og þegar foreldrar skamma krakka fyrir að sula niður. Þeir sögðu að þeir myndu refsa Prumplendingum og að þeir fengju ekkert að kaupa frá útlöndum á næstunni. Svona svipað og þegar krakkar fá ekki laugardagsnammi. Nema miklu alvarlegra.

Og útlendingarnir refsðu Prumplendingum. Neituðu að skipta á olíu og fiskinum hans Þorsks og margt fleira. Þetta reyndist erfiður tími fyrir Prumplendinga. En það var seigt í þeim, enda höfðu forfeður þeirra dregið fram lífið í þúsund ár við miklu erfiðari aðstæður en þetta. Vissulega þurftu Prumplendingar að láta margt á móti sér á næstu árum, en þeir voru tilbúnir til þess. Þeir höfðu flestir haft það gott á meðan Guðbjörn Kóngur stýrði Eyjarráðinu, kannski betra en efni stóðu til. Sumum fannst það ekki sanngjart að nú hefðu lífsgæðin minnkað jafn mikið og raun bar vitni, en allir voru sammála um að fullorðna fólkið yrði að taka því. Ósanngjart hefði verið ef hegðun Gríspers, Bjórspers og Bakkatans í útlöndum eyðileggði framtíð allra krakkanna á Prumpueyjunni.

Þó fór svo, að ótrúlega fljótt rofaði aftur til á Prumpueyjunni. Fólkið var duglegt, stóð vel saman og hóf ýmis gömul og góð gildi aftur til vegs og virðingar. Til dæmis snarfækkaði ferðum Prumplendinga út í heim, en þeir hófu aftur að ferðast um litlu fallegu eyjuna sína. Þrjónar og lopaband seldist sem aldrei fyrr og meira að segja krakkarnir hættu að nota útlenska pappadiska með teiknimyndum í afmælunum sínum. Í staðinn teiknuðu þau sjálf myndir á hvíta postulínsdiska foreldra sinna. Í kjölfarið urðu til lítil útflutningsfyrirtæki sem sérhæfðu sig í gerð handmálaðra postulínsdiska fyrir barnaafmæli.

Bjartur var fenginn til þess að rannsaka af hverju svo illa hafði til tekist þegar Prumpubankinn var seldur. Rannsókn hans leiddi í ljós að Grísper, Bjórspær og Bakkatan áttu vafasaman feril að baki, sem Eyjarráðinu átti að vera kunnugt um. Vissulega hefði verið vanhugað af Eyjarráðinu að selja þeim Prumpubankann, en það breytti því ekki að bræðurnir áttu hann og báru ábyrgð á rekstri hans, en ekki Prumplendingar. Illa hefði verið staðið að framkvæmd

sölunnar og því bæri Eyjarráðið siðferðilega ábyrgð gagnvart Prumplendingum hvernig farið hefði og að nokkru leyti gagnvart útlendingunum.

Rannsókn Bjarts leiddi líka í ljós að þótt margt hefði betur mátt fara hjá Prumplendingum, mátti sannarlega segja það sama um útlendingana, sér í lagi þá frá Sameinuðu Eyjunum. Til dæmis voru þeirra eigin reglur um bankaviðskipti, sem Prumplendingar höfðu ekki komið nálægt því að setja, meingallaðar. Þetta vissu þeir og höfðu því lagt ofurkapp á að knýja Prumplendinga til að samþykkja greiðslu skuldarinnar á sínum forsendum, áður en aðrar litlar eyjar kæmust að þessu.

Útlendingum fannst mikið til koma, hvað Prumplendingar gerðu upp við fortíðina af mikilli hreinskilni og stóðu sig vel í að byggja upp nýtt og betra samfélag. Skilningur á stöðu Prumpueyjunnar jókst stöðugt og fyrr en varði voru fjölmargar eyjar tilbúnar að styðja Prumplendinga með ráðum og dáð og skipta við þá á vörum fyrir fisk, fallorku og fleira. Prumpueyjan varð fyrirmyndarþjóðfélag sem aðrar eyjar, bæði stórar og smáar, litu til með virðingu og vildu líkjast.

Bjartur var einnig fenginn til þess að móta tillögur um hvernig samfélagsleg sátt yrði best tryggð á Prumpueyjunni til framtíðar. Tillögur hans voru samþykktar samhljóða og Eyjarráðið skrifaði kjarna þeirra á blað og hengdi utan á fundarhús sitt:

1. Hver kynslóð skal skila Prumpueyjunni til næstu kynslóðar eins og hún hefði viljað koma að henni.
2. Tryggja skal almennan jöfnuð á Prumpueyjunni og að sömu einstaklingar geti ekki átt öll helstu fyrirtæki eyjunnar.
3. Bannað er að ferðast með einkaþotum til og frá Prumpueyjunni.

Svartur sagði tillögurnar eins og út úr sínu hjarta, en var þó efins og spurði Bjart þegar þeir höfðu hengt upp reglurnar: „Heldurðu að við getum virkilega látið framfylgja þessum reglum? Er þetta ekki alveg vonlaust?”

„Nei, blessaður vertu” sagði Bjartur brosandi, „við klárum þetta. Og ég veit nákvæmlega hvernig.”

